

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag íbúða- og athafnasvæðis í Garði II.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. ágúst 2014 tillögu að deiliskipulagi íbúða- og athafnasvæðis á jörðinni Garði II í Mývatnssveit í Skútustaðahreppi. Deiliskipulagssvæðið er 8,7 ha að stærð, óbyggt og skilgreint sem 373-A í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Um er að ræða 6 nýjar lóðir þar sem heimiluð verður blönduð starfsemi íbúða og atvinnureksturs.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 23. mars 2015.

Bjarni Reykjafn, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2015